

## Skólanefndarfundur 17.09.2014

**Mættir:** Kári Bjarnason, Jóhanna Ýr Jónsdóttir, Trausti Hjaltason, Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Hafsteinn Gísli Valdimarsson, Thelma Gunnarsdóttir og Helga Kristín Kolbeins

Settur skólameistari setti fund og bar fundarmönnum sérstakar kveðjur frá Ólafi H. Sigurjónssyni skólameistara.

### 1. Upphaf haustannar 2014

Skólameistari kynnti breytingar á starfmannahaldi frá frá vorönn 2014. Ólafur H. Sigurjónsson skólameistari er í veikindaleyfi til 31.07.2015 og er Helga Kristín Kolbeins settur skólameistari til sama tíma. Björgvin Eyjólfsson er aðstoðarskólameistari og skipta Helga Kristín og Björgvin með sér starfi áfangastjóra. Auðbjörg Halla Jóhannsdóttir hefur snúið aftur til starfa. Thelma var ráðin félagsfræðikennari.

Skólameistari kynnti nýtt skipurit skólans.

Skólameistari lét fundarmenn hafa tölulegar upplýsingar úr nemendaskrá, þar sem fram kom m.a. að fjöldi nema í upphafi annar væru 260.

### 2. Fjármál

Skólameistari dreifði rekstraryfirlit stofnunarinnar og var umfjöllun um yfirlitið.

Fjárlög voru birt 09.09.2014 og var skólameistari boðaður á fund með ráðherra 10.09.2014 þar sem niðurstöður frumvarpsins voru kynntar fyrir skólameisturum ásamt áherslum ráðherra.

### Úr fjárlagafrumvarpi 2015

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reiknaðir ársnemar 2013	Áætlaðir ársnemar 2014	Áætlaðir ársnemar 2015	Áætlað hlutfall hlutfall bóknáms	Frumvarp 2015 m.kr.	Þús.kr. á ársnema
FÍV	227	230	214	85,9	273,3	1.277,1

### 3. Gæðahandbók

Skólameistari kynnti að skólinn hygðist taka upp gæðastjórnun. Skipað var í gæðaráð á síðasta kennarafundi en markmið er að setja upp gæðahandbók á þessum vetri til að skólinn geti farið í vottun. Vottun er skilyrði þess að geta útskrifað af vélstjórnabraut.

### 4. Önnur mál

Formaður skólanefndar ítrekaði að fundir yfðu haldnir oft. Ákveðið að næsti fundur yrði 11. nóvember að loknum árlegum samráðfundi skólameistara með ráðherra.

Helga Kristín Kolbeins  
Skólameistari  
Framhldsskólans í Vestmannaeyjum